

3576. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, fimmtudaginn 31. október 2024 og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Haraldur Benediktsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2409132 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2025-2034

Áætlunin er til áframhaldandi meðferðar hjá bæjarráði.

Lagt fram.

2. 2406142 - Fjárhagsáætlun 2025 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2026-2028

Áætlunin er til áframhaldandi meðferðar hjá bæjarráði.

Aukafundur verður í bæjarráði fimmtudaginn 7. nóvember nk. sem er lokafundur bæjarráðs fyrir framlagningu fjárhagsáætlunar til fyrri umræðu í bæjarstjórn Akraness sem verður þann 12. nóvember nk.

Samþykkt 3:0

3. 2410120 - Fjöliðjan - stytting vinnuvikunnar í 36 stundir.

Á fundi velferðar- og mannréttindaráðs þann 29.10.24 var eftirfarandi bókað: Velferðar- og mannréttindaráð tekur undir mikilvægi þess að opnunartími Fjöliðjunnar verði ekki stytur til þess að leysa 36 tíma vinnuviku. Sviðsstjóra falið að greina stöðugildapörf og vinna viðauka vegna ársins 2024 og setja inn í launaáætlun vegna ársins 2025.

Meðfylgjandi er minnisblað forstöðumanns Fjöliðjunnar með útreikningi á stöðugildapörf til að halda óbreyttum opnunartíma Fjöliðju eftir styttingu vinnuvikunnar í 36 tíma. Meðfylgjandi er einnig viðauki vegna ársins 2024 unninn í samráði við Kristjönu Ólafsdóttur fjármálastjóra.

Óskað er eftir niðurstöðu bæjarráðs í málinu.

Guðmundur Páll Jónsson forstöðumaður Fjöliðjunnar situr fundinn undir þessum dagskrárlið.

Bæjarráð samþykkir erindið og að gert verði ráð fyrir útgjöldunum í fjárhagsáætlunargerð vegna ársins 2025.

Samþykkt 3:0

JRB
EB

Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 22 við fjárhagsáætlunar ársins, samtals að fjárhæð kr. 1.500.000. Útgjöldunum verður með lækkun á áætluðum rekstrarsrangangi ársins og færð á deild 02240-1691 og visar til bæjarsjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð óskar eftir að forstöðumaður Fjöliðjunnar komi fyrir bæjarráð í mars nk. og fari yfir hvernig til hafi tekist og hvort forsendur séu fyrir endurskoðun ákvörðunarinnar.

Samþykkt 3:0

Guðmundur Páll vikur af fundi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:15.

Eindr Brandsson
Valgerður S. Jónsdóttir
Ragnar Samundsson

Haraldur Benediktsson
Sanna Adalbjörnsdóttir